



Frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara: Fyrirspurn um rafíþróttastarfsemi

Bréf: Annað

Málsnúmer: 2020060015

Eigandi skjals: Helga Björnsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 25.06.2020

Dagsetning skjals: 24.06.2020

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: Tinna.Gardarsdottir@reykjavik.is

Skjalalykill		Málsnúmer	2020060015
Móttökudags.	24.06.2020	Skráð í GoPro	25.06.2020

Viðtakandi		Sendandi	
Deild (Ráðhúss)	Íþrótt- og tómstundaráð	Fyrirtæki/stofnun	
Starfsmaður		Nafn	
		Kennitala:	

Tegund skjals	Annað	Fyrir Borgarráð	
Efnisorð			
Eldri skjalalykill			
		Er flokkað eftir eldri	<input type="radio"/> Já <input checked="" type="radio"/> Nei
		skjalalykli í	
		skjalasafni.	

Sent:

Sent til:

Notandi: Tinna.Gardarsdottir@reykjavik.is

Dagsetning: 24.6.2020 10:06:55

Til: "ÍTR netfang" <itr@reykjavik.is>

Afrit til: "Sandra Dröfn Gylfadóttir" <Sandra.Drofn.Gylfadottir@reykjavik.is>

Efni: Frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara: Fyrirspurn um rafíþróttastarfsemi

Heil og sæl,

neðangreint erindi er sent íþrótt- og tómstundasviði til meðferðar.

Bestu kveðjur,

Tinna Gardarsdóttir

Verkefnastjóri stjórnsýslumála

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Ráðhús Reykjavíkur

Sími: 411-4505

Tölvupóstfang: tinna.gardarsdottir@reykjavik.is

Frá: Aron Ólafsson

Dags: 23.6.2020 13:18:51

Til:

Efni: Fyrirspurn um rafíþróttastarfsemi

Góðan dag,

Mig langaði að spyrjast fyrir um stöðu og stefnu sveitarfélagsins í innleiðingu og stuðning við rafíþróttir. Það rignir yfir okkur póstum frá foreldrum út um allt land með fyrirspurnir um rafíþróttir í þeirra sveitarfélagi. Nú verðum við bara að kortleggja þessa starfsemi betur og við biðjum þig vingjarnlega um að svara nokkrum spurningum fyrir okkur.

Er Íþróttafélag í þínu sveitarfélagi byrjað með rafíþróttastarf eða stendur til að byrja með rafíþróttastarf?

Eru félagsmiðstöðvar í þínu sveitarfélagi byrjaðar með rafíþróttaklúbba?

Eru menntastofnanir byrjaðar með rafíþróttir?

Eru sumarnámskeið í rafíþróttum í boði í sveitarfélaginu?

Hefur sveitarfélagið kynnt sér rafíþróttir og sett sér stefnu um innleiðingu?

Fyrir þá sem lesa þennan póst og vita ekkert hvað eru rafíþróttir þá læt ég fylgja smá kynningu á rafíþróttum ásamt því vil ég láta alla vita að við í Rafíþróttasamtökunum höfum verið mörgum sveitarfélögum, íþróttafélögum og félagsmiðstöðvum innan handar við að hefja starsemi í rafíþróttum.

Hvað eru rafíþróttir?

Einfalda svarið er að rafíþróttir eru skipulögð keppni í tölvuleikjum, en það nær ekki að útskýra rafíþróttir almennilega. Rafíþróttasamtök Íslands (RÍSí) skilgreina rafíþróttir sem spilun tölvuleikja á forsendum íþróttar, það þýðir meðal annars, að æft sé markvisst og skipulagt, að æft sé sem hluti af liði og áhersla lögð á samvinnu og samskipti og að hugað sé að líkamlegri og andlegri heilsu.

Rafíþróttasamtök Íslands vilja því sjá áherslu á tölvuleikjaæfingar, félagslega eflandi leiki og líkamlegt hreysti í uppbyggingu skipulags starfs í kringum rafíþróttir á Íslandi. RÍSí telur að umhverfið sem íþróttafélög landsins hafa byggt í gegnum tíðina sé réttur staður til að byggja upp grasrótastarf rafíþróttar á Íslandi. Nú þegar hafa 8 íþróttafélög stofnað rafíþróttadeildir formlega um land allt og eru rúmlega 700 iðkendur nú þegar sem stunda rafíþróttir.

Afhverju Rafíþróttir?

Rafíþróttir hafa vaxið gífurlega um allan heim undanfarin 10 ár. Á sama tíma hefur áhugi á tölvuleikjum almennt aukist jafnt og þétt. Samkvæmt nýlegri könnun Gallup á tölvuleikjaspilun Íslendinga framkvæmd fyrir Origo spila um 96% af börnum á aldrinum 6-12 tölvuleiki og um 87% af einstaklingum á aldrinum 12-17 ára. Tölvuleikir eru því eitt víðfeðmasta áhugamál Íslendinga án allra innviða og þjónustu.

Þetta skapar einstakt tækifæri fyrir íþróttafélögin til að taka fyrsta skrefið og byggja jákvætt umhverfi þar sem tölvuleikir og iðkun þeirra geti blómstrað á hátt sem er mannþætandi og góður fyrir framtíð samfélagsins á Íslandi. Það eru mikil tækifæri fyrir íþróttafélög að fjölga félagsmönnum og iðkendum innan starfsins sem ella væru ekki tengjast íþróttafélaginu. Á höfuðborgarsvæðinu eru fjögur félög með rafíþróttastarfsemi og eru iðkendur orðnir um 230 og flestir hófu starfsemi í janúar. Tölvuleikir eru komnir til að vera, og nú er það á okkur að setja þá í rétt umhverfi.

Með bestu kveðju,

Aron Ólafsson

Framkvæmdarstjóri Rafíþróttasamtaka Íslands (RÍSí)

S: 6994647



- OutlookMessageContent.msg